

Fundargerð stjórnarfundar nr. 33.

Stjórnarfundur Norðurár bs., miðvikudaginn 28. júlí 2010 kl:12:00.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson. Undir fyrsta og þriðja lið fundarins var einnig Ágúst Hafsteinsson frá arkitektarstofnunni Form ráðgjöf ehf. Fyrsti liður fundarins fór fram á fyrirhugðum urðunarstað við Sölvabakka en aðrir liðir á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagstrandar.

Dagskrá

1. Skoðunarferð um athafnasvæðið.
2. Fundargerðir síðustu funda til samþykktar.
3. Þjónustuhús – hönnun til verkloka.
4. Vatnsmál.
5. Samningar við sorphirðufyrirtæki.
6. Nafn urðunarstaðar.
7. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Skoðunarferð um athafnasvæðið.

Ólafur Kristjánsson verkstjóri hjá Héraðsverki tók á móti okkur og sýni okkur stöðu verksins, en þeir eru komnir á fullaferð með að grafa urðunnar holuna og gengur verkið vel. Einnig skoðuðum við fyrirhugaðann byggingarstað fyrir þjónustuhús og möguleika á að leggja neysluvatnslögn á köldu vatni að þjónustuhúsinu frá nálægum vatnslindum í Lækjadal og frá Kúskerpi.

2. Fundargerðir síðustu funda.


Fundargerðir frá fundum nr. 26-32 voru formlega lagðar fram og undirritaðar.

3. Þjónustuhús, hönnun til verkloka.

Ágúst Hafsteinsson fór yfir húslýsingu á fyrirhuguðu þjónustuhúsi og drög að útboðslýsingu vegna byggingarinnar. Ákveðið að gera verðkönnun meðal verktaka á byggingarkostnaði en áætlað er að byggingin verði tilbúinn til notkunar 15. nóvember 2010. Ágústi falið að vinna áfram að verkinu en fyrirhugaðri verðkönnun þarf að vera lokið 16. ágúst.

4. Vatnsmál.

Fyrir liggja drög að tveimur kostnaðaráætlunum vegna kaldavatns frá annarsvegar Kúskerpi og hinsvegar Lækjadal. Farið var yfir þessa tvo möguleika og kostir þeirra og gallar ræddir. Ákveðið að Magnús ásamt þeim stjórnarmönnum sem tók hafa á vinni áfram að málinu og geri eigendum að Kúskerpi annað tilboð um afnot af



vatnslindum í þeirra landi. Gangi það ekki eftir verður farið betur í möguleikana á að bora eftir vatni í Lækjardal.

5. Samningar við sorphirðufyrirtæki.

Fyrir liggur fyrirspurn frá Gámþjónustunni hf um möguleika á urðunn á sorpi hjá Norðuá bs., og drög að samningi um móttöku og förgun á úrgangi, unnin af þeim.

Stjórn Norðurá bs., minnir á að búið er að semja um verð á urðunn fyrir sorp af Eyjafjarðarsvæðinu við Flokkun Eyjafjörður ehf., (FE), og að sá samningur gildir fyrir allt sorp af Eyjafjarðarsvæðinu frá þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að FE. Í þeim samningi er einnig kveðið á um kröfur til flutningsaðila og hvað það er sem koma má með til urðunnar. Að öðru leiti kemur Norðurá ekki að nákvæmari útfærslu á fyrirkomulagi flutninganna. Stjórn Norðurá er sammála um að hægt er að taka við meira magni af sorpi til urðunnar frá öðrum landssvæðum. Um það sorp þarf hinsvegar að gera sérstakan samning sem tekur bæði á verði og magni, en allt að 2.000 tonn á ári til viðbótar gæti verið í lagi og styrkt enn frekar rekstargrundvöll Norðurá bs.

6. Nafn urðunarstaðar.

Magnús Jónsson lagði fram tillögu um að svæðið sem hingað til hefur verið kallað urðunarstaður við Sölvabakka heiti framvegis Urðunarstaðurinn Stekkjavík, en nafnið Stekkjavík er gamalt örnefni á vík sem gengur upp í melana í landi Sölvabakka þar sem urðunin mun fara fram.

7. Önnur mál.

Enginn.

Fundi slitið kl. 16:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson